

# Fundargerð

*Bogfimisamband Íslands BFSÍ*

Dagsetning: **08.03.2021 Kl. 21:15**

Fundinn sátu: **Albert Ólafsson, Astrid Daxböck, Ásdís Lilja Hafþórsdóttir, Guðmundur Örn Guðjónsson. Haraldur Gústafsson sat fundinn með fjarfundabúnaði.**

Fundargerð ritaði: **Ásdís Lilja Hafþórsdóttir**

Á fundinum voru tekin upp eftirfarandi mál:

## **1. Staða verkefna af fyrri fundum.**

1.1. Öllum verkefnum lokið.

## **2. Samþykkt á milli funda**

2.1. **Breyting á liðakeppni ungmenna og öldunga í tveggja manna liðakeppni.** (08.02.2021)

2.1.1. Samþykkt af meirihluta í tölvupóstsamskiptum.

2.2. **Umsögn til stuðnings frumvarps sem liggur fyrir alþingi.** (17.02.2021)

2.2.1. Samþykkt af meirihluta í tölvupóstsamskiptum.

2.3. **Kaup og útfærsla á gagnagrunni** (25.02.2021)

Kaup og innleiðing á kerfi fyrir úrslitabirtingu, keppendaskrá, mótalista, metaskrá og fleira frá sænska sambandinu.

2.3.1. Samþykkt af meirihluta í tölvupóstsamskiptum.

## **3. Umræða um bogfimiþing 2021**

3.1. Haraldur ræðir um atkvæðabærni þeirra sem munu sitja þingið með fjarfundarformi.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að hafa samband við félögin og hvetja til þátttöku á þingið.

3.2. Ásdís ræðir um aðstöðu, veitingar og almennan undirbúning fyrir þingið.

## **4. Lagt fyrir stjórn til samþykktar fyrir Bogfimiþing 2021:**

4.1. Skýrsla stjórnar

4.1.1. Samþykkt.

4.2. Ársreikningar

4.2.1. Eru hjá skoðunarmönnum til yfirferðar.

4.3. Fjárhagsáætlun

4.3.1. Samþykkt.

4.4. Heildarstefna

4.4.1. Samþykkt.

4.5. Afreksstefna

4.5.1. Samþykkt.

4.6. Aðgerðaráætlun

4.6.1. Samþykkt til kynningar.

## 5. Bréf frá Skotípróttafélagi Ísafjarðar

Tekið fyrir bréf sem barst BFSÍ frá Skotípróttafélagi Ísafjarðar (Skotís) þann 4. mars sl. Tílefni bréfsins eru ummæli [A] sem fram koma í 3.1. tölulið fundargerðar formannafundar sem haldin var 11. september 2020 segir m.a.:

*“...og gjaldkeri Skotfélags Ísafjarðar hafi stöðvað allar greiðslur til hennar sökum þess að hún var að senda reikninga á félagið fyrir þjónustu sem var ekki óskað eftir.*

*Hann tjáði að [B] hefði bókaði sjálfa sig á staðinn og sendi félaginu reikninga fyrir þá tíma, en enginn af þeirra félagsmönnum hafi kannast við það að hafa óskað eftir hennar þjónustu. Allir félagsmennirnir héldu að einhver annar hefði óskað eftir henni og þjónustu hennar. Þetta hafi mögulega viðgengist um langt tímabil þar til gjaldkeri félagsins áttaði sig á því að enginn kannaðist við að óska eftir þessari þjónustu og setti stopp á allar greiðslur til hennar.”*

Með bréfi sínu vill Skotís koma eftirfarandi á framfæri:

*“Leiðrétting frá Skotís :þegar Skotís samdi við [B] um þjálfun þá var talað um vissan tíma sem yrði þjálfað og svo málin skoðuð ,það kom upp misskilningur bæði hjá Formanni og gjaldkera um tíman sem samið var um og héldu menn þá að [B] væri að koma án þess að beðið væri um ,þetta var svo leiðrétt ,en formanni líklega láðist að láta vita af stöðu mála eftir að þessi misskilningur kom upp, og tekur hann fulla ábyrgð á því , Skotís hefur fullan áhuga á að fá [B] aftur til að þjálfva enda hefur hún náð góðum árangri með ríffilskyttur félagsins [B] lagði mikin metnað í að þjálfva og á félagið henni bestu þakkir fyrir .ástæða þess að hún hefur ekki verið fengin til að þjálfva hjá okkur er einfaldlega peninga leysi hjá félaginu og erum við að vinna í því. [B] var mjög sanngjörn á þessar ferðir sem hún kom til að þjálfva og ekkert út á reikningana að setja .*

*Þessi misskilningur er vonandi hér með leiðréttur og vill formaður biðjast afsökunar á þessu og tekur alla ábyrgð á þessum misskilningi  
Og óskar eftir að bogfimisambandið taki það til greina og færi til bókar .”*

*„Að lokum : [A] hefur séð um bogfimi deild fyrir skotfélagið og staðið sig með sóma og lagt mikla sjálfboða vinnu í bogfimideild félagsins Skotís hefur séð bogfimideildina blómstara og á von á því að svo verði áfram ,þar sem [A] er í forsvari fyrir bogfimideild er það á hans áhvörðun hvort bogfimideildin fái þjálfara til sín og hver það verður ,stjórn Skotís sendur með þeim ákvörðunum sem hann tekur um þau mál.“*

5.1. Stjórnin þakkar Skotípróttafélagi Ísafjarðar fyrir skýringuna.

## 6. Almenn umræða og önnur mál

6.1. Umræða um næstu verkefni stjórnar.

Fundi slitið kl. **22:20**